



Alþingi  
Erindi nr. P 138/  
komudagur 7.4.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 07.04.2010

0911001SA  
Málalykill: 401

### Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987 o.fl. - 445. mál

Efnahags- og skattanefnd mun hafa til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki fengið umrætt frumvarp til umsagnar en vill allt að einu koma þeirri ábendingu á framfæri við efnahags- og skattanefnd, að röksemdir fyrir ríkari vernd vörsluskatta við uppgjör á búum lögaðila eiga einnig við um meðlagskröfur. Er þar vísað til vörslufjár sem vinnuveitandi hefur haldið eftir af launum starfsmanns, að kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga og á grundvelli 1. tölul. 7. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971.

Samkvæmt upplýsingum frá Innheimtustofnun hefur verið upp og ofan hvort skiptastjórar samþykki kröfur stofnunarinnar um skil á afdregnum launum sem forgangskröfur eða ekki. Helgast þetta væntanlega af því að umrætt lagaákvæði er ekki jafn skýrt og skyldi um forgang þeirra krafna sem hér um ræðir við búskipti.

Að áliti sambandsins er eðlilegt, verði umrætt frumvarp að lögum, að þar verði jafnframt mælt fyrir um að kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga um skil á afdregnum meðlagsgreiðslum skuli við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Afrit:

Jón Ingvar Pálsson, forstjóri Innheimtustofnunar sveitarfélaga